



GJALDSKRÁ Tjarnarvellir

Rekstur og viðhald

Gjald fyrir árið 2013*

Rekstrar og viðhaldskostnaður pr. stæði	stk	3.337 kr.
---	-----	-----------

Stofnkostnaður pr. stæði	stk	450.005 kr.
--------------------------	-----	-------------

Gjaldskrá þessi er uppfærð í janúar ár hvert m.v. hækkun byggingarvísitölu

*Sameiginleg bílastæði eru á Miðsvæði Valla sem afmarkast af helgunarsvæði Reykjanesbrautar annars vegar og aðliggjandi lóða hins vegar.

Bílastæðin eru utan lóða, að undanskilinni lóða A9, og til sameiginlegra afnota. Hafnarfjarðarbær framkvæmdi og viðheldur bílastæðum. Lóðarhafi greiðir stofnkostnað/bílastæðagjald fyrir bílastæði í samræmi við þann fjölda bílastæða sem honum ber að útvega, miðað við stærð og notkun húss, sbr. skipulagsreglugerð nr. 400/1998, gr. 3.1.4. Viðhaldskostnaður verður reiknaður með fasteignagjöldum. Bílastæði í bílgeymslu í kjallara húss kemur til frádráttar fjölda stæða á sameiginlegu stæði við útreikning gjalda.

Útreiknaður fjöldi stæða byggir á samþykktri byggingarnefndarteikningu hússins að frádregnum stæðum í bílgeymslu hússins ef slík er. Bílastæðagjaldið stendur undir stofnkostnaði stæðis.

Bæjarsjóður Hafnarfjarðar innheimtir bílastæðagjaldið þegar byggingarnefndarteikningar hafa verið samþykktar.

Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greitt á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar.

Bílastæðagjaldið er tryggt með lögveði í viðkomandi fasteign í tvö ár frá gjalddaga.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt skipulagslögum gr. 19 nr. 123/2010 .

Gjaldskráin verður birt í B-deild Stjórnartíðinda og tekur gildi 1. janúar 2013.

Gjaldskrá þessi er samþykkt í Umhverfis og framkvæmdaráði 28. nóvember 2012 og í bæjarstjórn Hafnarfjarðar 5. desember 2012.

Hafnarfjörður, 5. desember 2012
